



Valmynd

Alþjóðlegir umhverfissamningar - Ramsarsamningur Ramsarsamningurinn um votlendi

Heiti:

- Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.
- *Convention on Wetlands of International Importance Especially as Waterfowl Habitat (Ramsar Convention).*

Eðli samnings og vörsluaðili:

- Alþjóðlegur samningur.
- Í vörslu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
- 124 aðildarríki 22. júní 2001.

Dags.:

- Gerður í Ramsar 2. febrúar 1971.
- Öðlaðist gildi 21. desember 1975.

Aðild Íslands:

- Aðild 2. desember 1977; öðlaðist gildi 2. apríl 1978. Stjt. C 1/1978.

Bókanir:

- Bókun gerð í París 3. desember 1982; öðlaðist gildi 1. okt. 1986.
- Aðild Íslands: undirrituð 11. júní 1986, öðlaðist gildi 1. okt. 1986. Stjt. C 10/1986.

Breytingar:

- Breyting gerð í Regina 28. maí 1987; öðlaðist gildi 1. maí 1994
- Aðild Íslands: staðfest 18. júní 1993, öðlaðist gildi 1. maí 1994. Stjt. C 19/1993

Stjórn:

- Ákvarðanir eru teknar í formi bókana, breytinga eða tilmæla á þingi samningsaðila.
- Þingin eru haldin á þriggja ára fresti.
- Skrifstofa Ramsarsamningsins sér um eftirlit með framkvæmd samningsins og um undirbúning fundu. Hún er í tengslum við UNEP og IUCN.

Stefnumörkun: Umhverfisráðuneytið í samráði við Umhverfisstofnun

Framkvæmd: Umhverfisstofnun

Þátttaka í fundum: Umhverfisstofnun

Upplýsingagjöf: Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands

Markmið:

- Að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.

Ákvæði:

- Hverju aðildarríki ber að tilnefna a.m.k. eitt votlendissvæði á skrá samningsins yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði. Í samningnum er votlendissvæði skilgreint mjög víðtækt og nær m.a. yfir mýrar, flóa, fen og vötn með fersku, ísöltu eða söltu vatni, þar á meðal sjó þar sem dýpi er innan við sex metra. (Á skrá samningsins eru nú 1073 svæði). Votlendisfuglar eru þeir fuglar sem vistfræðilega byggja tilveru sína á votlendum.
- Í samræmi við markmið samningsins ber samningsaðilum að:
 - + undirbúa og framkvæma skipulag þannig að stuðlað sé að vernd votlenda sem eru á skránni, svo og skynsamlegri nýtingu votlenda innan lögsögu þeirra, svo sem unnt er,
 - + tilkynna skrifstofu ef vistfræðileg sérkenni votlenda sem þeir hafa tilnefnt á skrá samningsins, hafa breyst, eru að breytast eða eru líkleg til þess að breytast vegna verklegra framkvæmda, mengunar, eða annarrar röskunar af mannavöldum,
 - + stuðla að verndun votlenda og votlendisfugla með því að stofna friðlönd á votlendum, hvort heldur þau eru á skránni eða ekki, og sjá um að gæsla þeirra sé fullnægjandi,
 - + stuðla að rannsóknum og miðlun upplýsinga og rita um votlendi, gróður þeirra og dýralíf,
 - + leitast við að auka stofna votlendisfugla í heppilegum votlendum með viðeigandi ráðstöfunum,
 - + stuðla að þjálfun starfslíðs á sviði rannsókna, nýtingar og gæslu votlenda,
 - + taka tillit til alþjóðlegra ábyrgðar sinnar á vernd, meðferð og skynsamlegri hagnýtingu farandstofna votlendisfugla,
 - + ráðgast innbyrðis um framkvæmd skuldbindinga er samþykkt þessi felur í sér.

Framkvæmd:

- Þrjú votlendissvæði hafa verið tilnefnd af hálfu Íslands: Mývatn-Laxá og Þjórsárver og Grunnafjörður.

Upplýsingar:

Ramsar Convention Bureau (<http://www.ramsar.org>)

Rue Mauverney 28

CH-1196 Gland,

Switzerland

tel: +41-22 9990170

fax: +41-22 9990169

e-mail: ramsar@ramsar.org